



Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Borgartún 12-14
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. september 2019

Umsögn um tillögu Sjálfstæðisflokks og Miðflokks um hirðu garðaúrgang

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur þann 8. maí sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins ásamt greinargerð:

„Lagt er til að þjónusta borgarinnar með garðaúrgang íbúa verði tekin til endurskoðunar í þá átt sem áður var og er í nágrannasveitarfélögunum eins og til að mynda Garðabæ. Fyrirkomulagið yrði með þeim hætti, að auglýstar eru tilteknar dagsetningar eftir hverfum, þar sem íbúar geta komið garðaúrgangi fyrir t.d. við götur eða botnlanga og á þeim tímasetningum sér borgin til þess að hann sé sóttur og komið beint til förgunar hjá Sorpu.“

Var tillögunni vísað til meðferðar Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða á fundi ráðsins þann 3. júlí sl. Reykjavíkurborg bauð uppá svokallaða vorhreinsun fyrir rúmum áratug þar sem íbúar gátu losað sig við garðaúrgang út á götuhorn. Sú þjónusta var hins vegar aflögð, m.a. vegna slæmrar umgengni, íbúar losuðu ekki eingöngu garðaúrgang á götuhornið heldur allskyns úrgang og eins voru tímasetningar ekki virtar og var úrgangur losaður á götuhornið fram eftir vori.

Þegar borgin lagði af þessa þjónustu sáu hirðufyrirtæki á markaði tækifæri í að bjóða íbúum uppá þá þjónustu að safna garðaúrgangi við heimili og býður t.d. Gámapjónustan nú svokallaðan garðapoka og garðatunnu fyrir garðaúrgang. Ef borgin bíður íbúum aftur að kasta úrganginum út á götuhorn mun það grafa undan þeirri þjónustu sem hirðufyrirtækin bjóða. Eins er það ekki í samræmi við mengunarbótaregluna sem horft hefur verið til við úrgangsstjórnun í Reykjavík, að úrgangshafi greiði fyrir meðhöndlun á úrgangnum.

Því er lagt til að tillögunni verði hafnað.

Virðingarfyllt

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

skrifstofa umhverfisgæða